

**98** argjaldalögum, og hefir það í þessu tilliti enga þýðingu, þótt fóðurkvöð þessi í 27. sept. mati brauðanna hafi verið talin undir sóknartekjum eða eins og í Klippstaðasókn slengt saman við önnur lambsfóður.

Að endingu skal því við bætt, að þartil gefnu tilefni í nefndu brjefi yðar, að þareð iskyld þessi verður að teljast notuð af prestinum sjálfum, þer að telja hana með sjálfteknum tekjum prestanna.

**99** *Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjar-  
2. okt. fógetans á Ísafirði um sveitfesti þurfalings.*

Með brjefi, dags. 7. apríl þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður og bæjarfógeti sent hingað brjef hreppsnefndar Nauteyrrahrepps, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar, dags. 26. febrúar þ. á., um sveitfesti Jóninu nokkurrar Kristófersdóttur, en með úrskurði þessum hafið þjer ákveðið að hún skuli teljast sveitlæg í Nauteyrrahreppi í Ísafjarðarsýslu.

Eftir að stjórnarráðinu með brjefi yðar, dags. 15. f. m., höfðu borist nýjar upplýsingar í málinu, hefir svofeldur úrskurður verið lagður á það.

Það er upplýst í málinu, að nefnd Jónina Kristófersdóttir er fædd í Nauteyrrahreppi 3. sept. 1866. Eftir 16 ára aldur dvaldi hún á ýmsum stöðum þangað til hún fluttist til Ísafjarðar árið 1898 og hefir dvalið þar samfleytt síðan, að því undanteknu, að hún flutti til Arnardals í Eyrarhreppi vorið 1904, dvaldi þar um sumarið og fluttist aftur til Ísafjarðar haustið 1904. Hinn 10. nóvbr. f. á. beiddist hún styrks úr bæjarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar, og var henni þá veittur 30 kr. bráðabirgðastyrkur eftir að aðsjónargjörð hafði farið fram og æfiferill hennar rannsakadur. Fátækranefnd Ísafjarðarkaupstaðar krafðist síðan, að fæðingarhreppur hennar, Nauteyrrahreppur, viðurkendi sveitfestina og greiddi  $\frac{2}{3}$  af hinum veitta styrk, en hreppsnefndin neitaði hvortveggju þar sem hún leit svo á, að hún hefði unnið sjer sveit í Ísafjarðarkaupstað með rúmri 10 ára dvöl þar, og leiddi þetta til áðurnefnds úrskurðar yðar, sem síðan hefir verið áfrýjað, eins og að framan er greint.

Ágreiningurinn í máli þessu er einungis um það, hvort áðurnefnd brottför þurfalingsins til Arnardals vorið 1904 hafi orðið þess valdandi, að sveitfestisdvölin á Ísafirði hafi slitnað eða eigi. Hafið þjer verið fátækranefnd kaupstaðarins samdóma um, að sveitfestisdvölin hafi slitnað, en hreppsnefnd Nauteyrrahrepps heldur hinu gagnstæða fram.

Um þetta atriði er það upplýst, að ástæðan til brottferðarinnar var sú, að nefndum kvenmanni, ásamt fylgimanni hennar, var sagt upp húsnæði því, sem þau höfðu haft á Ísafirði, og fóru þau því í vandræðum sínum til Arnardals og dvöldu þar nokkra mánuði. Þarsem ekkert er upplýst í málinu, er geri það líklegt, að fátækrastrjórn Ísafjarðar hafi haft hönd í bagga með brottför þeirra, til að slíta sveitfestisdvölinu, og það getur eigi álitist, að þau hafi haldið heimilis-

fangi á Ísafirði meðan þau dvöldu í Arnardal, en 32. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905 hinsvegar geri 10 ára samfleytta dvöl að skilyrði fyrir sveitfesti, verður stjórnarráðið að fallast á skoðun yðar um, að sveitfestisdvölin á Ísafirði hafi slitn- 99  
2. okt.

Því úrskurðast:

Nefnd Jónína Kristófersdóttir skal teljast sveitlæg í fæðingarhreppnum, Nauteyrrarhreppi, og ber hreppssjóði þess hrepps að greiða fátækra sjóði Ísafjarðar án tafar  $\frac{2}{3}$  áður nefnds kostnaðar með 20 kr.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Nauteyrrarhrepps og fátækranefnd Ísafjarðarkaupstaðar.

**Brjef stjórnarráðsins til umsjónarmanns fræðslumálanna útaf fyrir- 100  
spurnum frá nokkrum fræðslunefndum. 5. okt.**

Með brjefi, dagsettu 30. f. m., hafið þjer, herra umsjónarmaður, fyrir hönd nokkurra fræðslunefnda, leitað úrskurðar stjórnarráðsins um eftirfarandi atriði:

1. Hvort hreppur, sem er svo stór að honum nægi ekki minna en 2 kennarar, er kenni á tveimur stöðum í hreppnum, hvor um sig í 6 mánuði, og sjeu tvenn fullkomin kensluáhöld til afnota, sln fyrir hvorn kennara, geti ekki átt von á styrk úr landssjóði til beggja farskólanna, alt að 200 kr. til hvors skóla, eða samtals alt að 400 kr.
2. Hvort svo beri að skilja lögín frá síðasta alþingi um breytingu á lögum um fræðslu barna frá 22. nóvbr. 1907, að allri framkvæmd laganna sje frestað til 1. jan. 1912, eða hvort fræðslunefndir hafi rjett og skyldu til að sjá um fræðslu barna og heimta til þess nauðsynlegt fje úr hreppssjóði, að barnafræðslan í hreppnum verði í því lagi, að fræðslukröfum nefndra laga verði fullnægt — einnig þar sem engin fræðslusamþykt hefir verið samin nje samþykt.
3. Hvort landssjóðsstyrkur til farkenslu í þeim sveitum, þar sem fræðslusamþykt er ekki samin, sje bundin því skilyrði, að kennararáðning sje samkvæmt fræðslulögum og kaup kennara að minsta kosti 6 kr. um viku hverja, að kensluáhöld þau, er yfirstjórn fræðslumálanna hefir fyrirskipað, sjeu notuð við kensluna, og að kostnaður við barnafræðsluna sje greiddur úr sveitarsjóði, en ekki af aðstandendum barnanna.

Fyrirspurnum þessum svarast á þessa leið:

- Ad 1. Stjórnarráðið er yður samdóma um, að hver sjálfstæður farskóli, sem fullnægir kröfum fræðslulaganna, hafi rjett til tiltölulegs styrks úr landssjóði, alveg án tillits til þess, þótt 2 eða fleiri farskólar sjeu í sama fræðsluhjraði.
- Ad 2. Stjórnarráðið er yður sómuleiðis samdóma um það, að breyting sú, er síðasta alþingi gerði á lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907 og hjer